

Umsögn dómnefndar

**samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla
um umsækjendur um embætti varadómanda við Endurupptökudóm,
sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaði 23. desember 2022**

Reykjavík, 15. febrúar 2023

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur	3
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á	3
3. Málsmeðferð dómnefndar	5
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur	6
5. Mat á hæfni umsækjenda.....	8
5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi	8
5.2. Menntun og framhaldsmenntun.....	9
5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður.....	9
5.3. Reynsla af dómstörfum.....	9
5.3.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður	9
5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum	9
5.4.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður.....	10
5.5. Reynsla af stjórnarsýslustörfum.....	10
5.5.1. Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður	11
5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.	11
5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	12
5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður	12
5.6.2. Fræðibækur og -greinar o.fl.....	12
5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. – samanburður	12
5.7. Reynsla af stjórnun	13
5.7.1. Reynsla af stjórnun – samanburður.....	13
5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.	13
5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður	14
5.9. Sérstök starfshæfni.....	14

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu	14
5.9.2. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi.....	15
6. Færni umsækjenda til að semja úrskurði	15
7. Niðurstaða dómnefndar	16

1. Umsækjendur

Með bréfi 17. janúar 2023 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti eins varadómanda við Endurupptökudóm. Embættið var auglýst laust til umsóknar í Lögbirtingablaði 23. desember 2022.

Umsækjendur um embættið eru: Helgi Birgisson lögmaður og Jónas Þór Guðmundsson lögmaður.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættisins sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála var sú að báðir umsækjendur uppfylltu þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnarsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan

hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðiritra, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf dómnefndar. Dómsmálaráðherra hefur sett reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010. Í 4. gr. hinna nýju reglna er á sama hátt og í 4. gr. þeirra eldri fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á. Þar segir m.a.: „Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi ... Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórn-sýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám ... Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi ... Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti ... Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi ... Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um

að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breytingu á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnslutölögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi.

3. Málsmeðferð dómnefndar

Við meðferð máls þessa skipuðu eftirtaldir dómnefndina: Eiríkur Tómasson, formaður, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Kristín Benediktsdóttir, Reimar Pétursson og Þorgeir Örlygsson. Eftir að dómsmálaráðuneytið hafði tilkynnt nefndinni um hverjir væru umsækjendur um embættið var þeim báðum sent tölvubréf 11. janúar 2023 þar sem óskað var eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi framangreindra nefndarmanna teldu þeir að einhverjar vanhæfisástæður væru fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir varðandi sérstakt hæfi þeirra.

Fyrsti fundur dómnefndar var haldinn 11. janúar 2023.

Í framangreindri auglýsingu frá 23. desember 2022 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um dómaraembættin upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem umsagnaraðila. Umsækjendum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör þeirra og hafði nefndin hliðsjón af þessum umsögnum við mat sitt, svo sem nánar verður víkið að í kafla 5.1. hér á eftir.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfi 8. febrúar 2023, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 13. sama mánaðar. Ábending barst frá öðrum þeirra, sem laut að einu atriði varðandi aukastörf hans, og var fyrirliggjandi drögum að umsögninni breytt til samræmis við hana.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. og 6. kafli hafa að geyma mat dómnefndar á hæfni þeirra á grundvelli þeirra megin-sjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum kafla eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjenda. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Helgi Birgisson er fæddur 17. nóvember árið 1962 og er því 60 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1988. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði árið 1989 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti 1996. Að loknu embættisprófi starfaði hann sem löglærður fulltrúi á lögmannsstofu til ársins 1997. Frá þeim tíma hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður á þremur lögmannsstofum sem hann hefur rekið í samvinnu við aðra. Árið 2007 var umsækjandinn settur dómari í einu máli í Hæstarétti. Frá árinu 2002 hefur hann verið varamaður í úrskurðarnefnd lögmannna og komið að fjölmörgum úrskurðum hennar. Hann var settur formaður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í einu máli árið 2017. Þá hefur hann átt sæti í málskotsnefnd Menntasjóðs námsmanna (áður málskotsnefnd Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN)) frá árinu 2010 og verið formaður úrskurðarnefndar náttúruhamfaratryggingar frá 2022. Hann var stundakennari í skaðabótarétti við lagadeild Háskóla Íslands 2000-2001 og var auk þess um árabíl prófdómari við deildina. Ennfremur var hann stundakennari í skaðabótarétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005-2006 þar sem hann kenndi einnig réttarfar, þ.e. sönnunarfærslu í einkamálum. Á árinu 2001 kom hann að kennslu á námskeiði fyrir þá sem hyggjast afla sér réttinda til að verða héraðsdómslögmennt. Þá annaðist hann á sama ári kennslu

á námskeiði fyrir verðandi váttryggingamiðlara. Umsækjandinn hefur ritað eina fræðigrein og verið í ritstjórn afmælisrits. Einnig hefur hann haldið fjölda fyrirlestra hér á landi um lögfræðileg efni. Af öðrum störfum má nefna að hann átti sæti í nefnd, sem samdi frumvarp til laga um breytingu á þágildandi lögum um Húsnæðisstofnun Íslands, og var 2014 skipaður af fjármálaráðherra í framkvæmdahóp um afnám fjármagnshafta sem skilaði ráðherra skýrslu sama ár. Umsækjandinn var í stjórn Lögmannafélags Íslands á árunum 2000-2002. Einnig hefur hann átt sæti í stjórnnum nokkurra hlutafélaga sem og íþróttafélaga.

Jónas Þór Guðmundsson er fæddur 11. maí 1968 og er því 54 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1995. Árið 1997 öðlaðist hann réttindi til málflutnings í héraði og árið 2009 leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti. Að loknu embættisprófi var hann löglærður fulltrúi á lögmannsstofu um nokkurra mánaða skeið þar til hann varð kennslustjóri við lagadeild Háskóla Íslands á árunum 1995-1997. Hann starfaði sem lögfræðingur á lagasviði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 1998-1999 en frá þeim tíma hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður á eigin lögmannsstofu, fyrst um sinn í samstarfi við aðra. Hann sat í kjararáði á árunum 2006-2018, þar af sem formaður 2014-2018. Frá árinu 2014 hefur hann verið stjórnarformaður Landsvirkjunar. Árið 2021 var hann skipaður formaður matsnefndar samkvæmt lögum nr. 61/2001 um lax og silungsveiði. Á árunum 1995-2005 var hann stundakennari í almennri lögfræði og kröfurétti við lagadeild Háskóla Íslands, auk þess að vera settur prófdómari við deildina. Þá var hann adjúntkt og kenndi kauparétt við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005-2012. Einnig hefur hann annast kennslu á námskeiðum til löggildingar verðbréfamiðlara hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 1997-2002 og til löggildingar fasteigna-, skipa- og fyrirtækjasala 1995-2002. Umsækjandinn hefur skrifað ritrýndan bókarkafla og ritdóm um fræðirit, svo og 14 pistla um lögfræðileg málefni sem birtust í Lögmannablaðinu. Ennfremur hefur hann haldið fjölmarga fyrirlestra um lögfræðileg efni. Af öðrum störfum má nefna að hann hefur verið ritari ýmissa nefnda, sem unnið hafa að endurskoðun laga, þ. á m. var hann ritari refsiréttarnefndar 1998-1999. Jafnframt var hann skipaður af viðskiptaráðherra í nefnd til að vinna að mótun lagaramma um rafrænar undirskriftir 1999-2000. Umsækjandinn var oddviti yfirkjörstjórnar

Suðvesturkjördæmis 2007-2016 og átti sæti í almannavarnanefnd Hafnarfjarðar 2010-2014. Þá sat hann í stjórn Hollvinafélags lagadeildar Háskóla Íslands 1998-2001 og í stjórn Viðskiptaráðs Íslands 2020-2022. Hann var í stjórn Lögmannafélags Íslands 2010-2015, þar af sem formaður 2012-2015. Einnig hefur hann gegnt ýmsum trúnaðarstörfum innan stjórnmalaflokks.

5. Mat á hæfni umsækjenda

5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi

Í 2. mgr. 13. gr., sbr. 4. mgr. 54. gr. laga nr. 50/2016 er í átta tölulíðum mælt fyrir um þau almennu hæfisskilyrði sem umsækjendur um embætti varadómenda við Endurupptökudóm þurfa að uppfylla til að skipa megi þá í embætti. Meðal þessara skilyrða eru að umsækjandi sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 13. gr., hafi ekki sýnt af sér háttsemi, sem getur rýrt það traust sem dómara verða almennt að njóta, sbr. 5. tölul., hafi lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraþrófi í lögum, sbr. 6. tölul. og kafla 5.2 hér á eftir, og teljist vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar, sbr. 8. tölul. Eins og áður greinir hefur ráðherra samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 látið staðreyna að báðir umsækjendur uppfylli öll þessi hæfisskilyrði.

Í 3. tölulíð 4. gr. reglnanna kemur fram að við mat á almennri starfshæfni skuli dómnefnd líta til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá segir einnig að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulíð 4. gr. að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var m.a. áskilið í auglýsingu um embættið að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf

og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum verður ráðið, eins og áður er fram komið, að umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni varadómanda við Endurupptökudóm samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

5.2. Menntun og framhaldsmenntun

Helgi Birgisson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1988.

Jónas Þór Guðmundsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1995.

5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Umsækjendur hafa báðir lokið embættisprófi í lögfræði. Þeir hafa ekki lagt stund á framhaldsnám að því loknu, en sótt ýmis stutt námskeið um lögfræði.

5.3. Reynsla af dómstörfum

Helgi Birgisson hefur verið varadómari við Hæstarétt í einu máli.

Jónas Þór Guðmundsson hefur ekki fengist við dómstörf.

5.3.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður

Samkvæmt framansögðu hefur **Helgi** setið sem dómari í einu máli, en **Jónas Þór** ekki fengist við dómstörf.

5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum

Helgi Birgisson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1989 og fyrir Hæstarétti 1996. Hann starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu 1988-1989 og síðan sem lögmaður á sömu stofu 1989-1997. Frá því ári hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Á lögmannsferli sínum hefur hann flutt mikinn fjölda mála af flestum réttarsviðum á öllum dómstigum, fyrst og fremst einkamál en einnig sakamál. Meðal

annarra starfa hefur hann haft með höndum skiptastjórn í mörgum stórum dánar- og þrotabúum, þ. á m. var hann einn skiptastjóri þrotabús Samsonar Eignarhaldsfélags ehf. en skipti á því búi stóðu yfir í áratug.

Jónas Þór Guðmundsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1997 og fyrir Hæstarétti 2009. Hann var á árinu 1995 fulltrúi á lögmannsstofu um nokkurra mánaða skeið en hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá árinu 1999. Á þeim tíma hefur hann flutt mál í héraði og fyrir Hæstarétti af flestum réttarsviðum, sér í lagi einkamál þótt hann hafi einnig komið að sakamálum. Meðal annarra starfa hefur hann haft með höndum skiptastjórn í dánar- og þrotabúum, m.a. átti hann einn sæti í slitastjórn Landsvaka ehf. en slit á því félagi stóðu yfir í mörg ár.

5.4.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður

Báðir umsækjendur hafa fengist í langan tíma við lögmanns- og málflutningsstörf. Við samanburð á hæfni þeirra vegna reynslu af þeim störfum er litið til þess hve lengi þeir hafa starfað sem lögmennt, þ. á m. haft réttindi til flutnings mála fyrir æðri dómi, en hér sem endranær vega fyrstu árin í starfi þyngst. Einnig er horft til þess hve lengi umsækjendur hafa unnið sjálfstætt að lögmannsstörfum, hversu mörg mál þeir hafa flutt, hvort störfin hafa verið fjölbreytileg og hvort þeir hafi fengist við önnur umfangsmikil störf samhliða lögmannsstörfunum.

Samkvæmt því stendur *Helgi* framur í þessum matsþætti en hann hefur starfað óslitið sem lögmaður og fengist við fjölþætt málflutningsstörf í nær 34 ár, þar af verið sjálfstætt starfandi í um 26 ár. Einnig hefur hann flutt mun fleiri mál fyrir dómi, þ. á m. æðri dómi, en *Jónas Þór* sem hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður í um 24 ár. Einnig skiptir hér máli að sá síðarnefndi hefur gegnt óvenju tímafrekum störfum, samhliða lögmannsstörfunum, sem falla undir aðra matsþætti.

5.5. Reynsla af stjórnarsýslustörfum

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnarsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Helgi Birgisson hefur frá árinu 2002 verið varamaður í úrskurðarnefnd lögmannna og komið að fjölmörgum úrskurðum hennar. Hann hefur frá 2010 átt sæti í

málskotsnefnd Menntasjóðs námsmanna (áður málskotsnefnd LÍN). Þá var hann settur formaður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í einu máli árið 2017 og hefur verið formaður úrskurðarnefndar náttúruhamfaratryggingar frá 2022.

Jónas Þór Guðmundsson starfaði sem lögfræðingur á lagasviði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 1998-1999. Hann sat í kjararáði á árunum 2006-2018, þar af sem formaður 2014-2018. Þá var hann oddviti yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis 2007-2016 og átti sæti í almannavarnanefnd Hafnarfjarðar 2010-2014. Frá árinu 2021 hefur hann verið formaður matsnefndar samkvæmt lögum nr. 61/2001 um lax og silungsveiði.

5.5.1. Reynsla af stjórnslustörfum – samanburður

Í þessum þætti hæfnismats hafa báðir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnslustörfum. Í flestum tilvikum hafa þau viðfangsefni, sem hér um ræðir, verið innt af hendi samhliða aðalstarfi. Við mat á stjórnslureynslu skiptir máli hvort störfin nýtist dómaraefni sérstaklega, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020, svo sem seta í úrskurðarnefndum. Eins og endranær verður litið til framan- greindra starfa og þeim gefið vægi eftir eðli sínu, umfangi og fjölbreytni. Jafnframt verður horft til lengdar starfstíma þar sem fyrstu árin vega þyngst, en einnig þess hversu langt er síðan störfin voru innt af hendi.

Að þessu virtu stendur *Jónas Þór* framur í þessum þætti mats þótt ekki verði horft framhjá áðurnefndri reynslu *Helga* af vandasömum stjórnslustörfum. Skiptir í þessu sambandi mestu máli að sá fyrrnefndi vann að aðalstarfi á lagasviði í ráðuneyti dómsmála í um eitt ár og átti sæti í kjararáði í 12 ár, þar af var hann formaður þess um fjögurra ára skeið. Þótt kjararáð hafi ekki leyst úr eiginlegum réttarágreiningi líktust störf þeirra, sem það skipuðu, að verulegu leyti störfum þeirra, sem sitja í úrskurðarnefndum innan stjórnslunnar, enda má segja að ráðið hafi haft á hendi áþekkt hlutverk og lögbundinn gerðardómur.

5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.

5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf

Helgi Birgisson var stundakennari í skaðabótarétti við lagadeild Háskóla Íslands 2000-2001 og um árabíl prófdómari við deildina. Hann var stundakennari í skaðabótarétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005-2006 þar sem hann kenndi einnig réttarfar, þ.e. sönnunarfærslu í einkamálum. Þá kom hann á árinu 2001 að kennslu á námskeiði fyrir þá sem hyggjast afla sér réttinda til að verða héraðsdómslögmennt.

Jónas Þór Guðmundsson var kennslustjóri við lagadeild Háskóla Íslands á árunum 1995-1997. Árin 1995-2005 var hann stundakennari í almennri lögfræði og kröfurétti við deildina, auk þess að vera settur prófdómari við hana. Þá var hann aðjúnkt og kenndi kauparétt við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005-2012.

5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Samkvæmt framansögðu stendur **Jónas Þór** framur **Helga** á því sviði sem hér um ræðir.

5.6.2. Fræðibækur og -greinar o.fl.

Helgi Birgisson hefur ritað eina grein um lögfræði og er hún á sviði skaðabótaréttar. Einnig getur hann í umsókn sinni um fjölda fyrirlestra sem hann hefur haldið um lögfræðileg efni.

Jónas Þór Guðmundsson hefur ritað einn ritrýndan bókarkafli um lögfræði og er hann á sviði eignaréttar auk ítarlegs ritdóms um fræðirit á sviði fasteignakauparéttar. Ennfremur hefur hann skrifað 14 pistla í Lögmannablaðið, einkum sem formaður Lögmannafélags Íslands. Að auki vísar hann í umsókn sinni til fjölmargra erinda sem hann hefur haldið, m.a. um lögfræðileg efni.

5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli fræðiskrifa þeirra, fyrst og fremst fræðigreina, og annarra skrifa um lögfræðileg efni. Sumt efnið er ritrýnt, en annað ekki þótt þess beri að gæta að sjaldnar tíðkaðist á árum áður að ritrýna greinar sem birtust í héraðsdómstímaritum. Við matið er litið til gæða

fræðiskrifa og jafnframt til fjölda, umfangs og fjölbreytni þeirra. Þá er loks höfð hliðsjón af fyrirlestrum og erindum, sem umsækjendur hafa flutt um lögfræðileg efni á ráðstefnum, fundum eða öðrum áþekktum vettvangi. Síðastnefndi þátturinn er þó tiltölulega léttvægur í samanburði við fræðiskrif.

Að þessu virtu stendur *Jónas Þór* frammar *Helga* í þessum þætti mats en báðir hafa þeir látið frá sér fara skrif sem fela í sér framlög til íslenskrar lögfræði.

5.7. Reynsla af stjórnun

Helgi Birgisson hefur komið að rekstri lögmannsstofu í um 26 ár, þar af lengst af þeim tíma sem framkvæmdastjóri tveggja lögmannsstofa fimmta hvert ár. Frá árinu 2022 hefur hann verið formaður úrskurðarnefndar náttúruhamfaratryggingar.

Jónas Þór Guðmundsson hefur rekið eigin lögmannsstofu í um 24 ár, fyrst um sinn í samstarfi við aðra. Hann var oddviti yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis 2007-2016, formaður kjararáðs 2014-2018 og hefur frá árinu 2021 verið formaður matsnefndar samkvæmt lögum nr. 61/2001 um lax og silungsveiði. Þá var hann formaður Lögmannafélags Íslands 2012-2015 og hefur frá 2014 verið stjórnarformaður Landsvirkjunar.

5.7.1. Reynsla af stjórnun – samanburður

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af stjórnun í einni eða annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík störf hafa verið fólgin og hve lengi þeir hafa sinnt þeim þar sem fyrstu árin vega sem endranær mun þyngra en árin sem á eftir fara.

Samkvæmt því hefur *Jónas Þór* umtalsvert meiri stjórnunarreynslu en *Helgi*. Skiptir þar mestu máli að hann hefur í nær níu ár verið stjórnarformaður Landsvirkjunar sem er meðal stærstu fyrirtækja landsins.

5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.

Hér á eftir verða rakin önnur störf og verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við og nýtast myndu þeim í störfum við Endurupptökudóm að mati dómnefndar, enda hafi þeirra ekki áður verið getið, svo sem í köflum 5.5. og 5.7.

Helgi Birgisson átti sæti í nefnd, sem samdi frumvarp til laga um veigamikla breytingu á þágildandi lögum um Húsnæðisstofnun Íslands, nr. 86/1988, en frumvarpið var samþykkt sem lög nr. 24/1991. Þá var hann árið 2014 skipaður af fjármálaráðherra í framkvæmdahóp um afnám fjármagnshafta sem skilaði ráðherra skýrslu sama ár. Hann átti sæti í stjórn Lögmannafélags Íslands 2000-2002 og hefur að auki átt sæti í stjórnnum nokkurra hlutafélaga sem og íþróttafélaga.

Jónas Þór Guðmundsson hefur verið ritari ýmissa nefnda, sem unnið hafa að endurskoðun laga, þ. á m. var hann ritari refsiréttarnefndar 1998-1999. Hann var skipaður af viðskiptaráðherra í nefnd til að vinna að mótun lagaramma um rafrænar undirskriftir 1999-2000. Þá sat hann í stjórn Hollvinafélags lagadeildar Háskóla Íslands 1998-2001 og í stjórn Viðskiptaráðs Íslands 2020-2022. Einnig átti hann sæti í stjórn Lögmannafélags Íslands 2010-2012 og hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum innan stjórnmalaflokks.

5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður

Eins og áður greinir koma einungis til álita við mat á hæfni umsækjenda í þessum þætti þau störf, sem ekki hafa verið felld undir aðra matsþætti, svo sem stjórnslustörf eða stjórnun, enda geti þau að mati dómnefndar varpað ljósi á hæfni þeirra til að gegna embætti varadómanda við Endurupptökudóm.

Sé litið til starfa umsækjenda, sem falla hér undir og lagt heildstætt mat á þau, verður ekki gert upp á milli hæfni þeirra í þessum matshluta.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir m.a. að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu. Einnig verði hann að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Hvað þennan þátt mats varðar hafa umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort

umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflytningisstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa á sviði réttarfars sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á því sviði.

Það er álit dómnefndar að báðir umsækjendur hafi með námi sínu og störfum öðlast nægilegt vald á réttarfarsreglum til að geta sinnt störfum varadómdanda við Endurupptökudóm. Að því sögðu er það niðurstaða nefndarinnar að *Helgi* standi framur *Jónasi Þór* í þessum þætti hæfnismats þar sem sá fyrrnefndi hefur flutt mun fleiri mál á öllum dómstigum.

5.9.2. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi

Með tilliti til þeirra starfa, sem umsækjendur hefur gegnt á liðnum árum, lítur dómnefnd svo á að þeir séu hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel.

6. Færni umsækjenda til að semja úrskurði

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp úrskurð um hvort mál, sem áður hefur verið dæmt, verði endurupptekið. Málflytningsskjöl á borð við greinargerðir, sem hann hefur ritað, geta auk annars veitt vísbendingar um hversu vel hann er að sér þegar kemur að því að beita þeim réttarheimildum og skýra þau lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandinn ætti með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni máls, sem kæmi til kasta Endurupptökudóms, og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um það hvort endurupptaka skuli málið.

Í samræmi við þetta hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á færni hvors umsækjendanna um sig til að semja slíka úrskurði. Ekki hefur þá aðeins verið horft til þeirra framlaga, sem fylgdu umsóknum þeirra, heldur einnig til annarra gagna, sem aðgengileg eru, svo sem heimilt er að gera skv. 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020.

Vegna þess að báðir umsækjendurnir hafa reynslu af því að flytja mál fyrir dómi, þótt í misjöfnum mæli sé, sbr. kafla 5.4., valdi dómnefnd til skoðunar þrjár greinargerðir hjá hvorum þeirra, er lagðar hafa verið fram í málum sem þeir hafa flutt fyrir Hæstarétti, og til viðbótar í tilviki annars þeirra þrjár greinargerðir er lagðar hafa verið nýlega fram í málum sem hann hefur flutt fyrir Landsrétti. Af þessum greinargerðum og öðrum völdum framlögum umsækjendanna, sem fylgdu umsóknum þeirra, þ.e. stjórnsluúrskurðum og fræðiskrifum, hefur nefndin dregið rökstuddar ályktanir um færni þeirra hvors um sig til að semja úrskurði.

Við framangreint mat var sjónum einkum beint að því hvernig umsækjendum hefur tekist að nýta þá lögfræðilegu þekkingu, sem þeir búa yfir, við að greina álitæfnin sem um var að ræða. Þegar borin er saman færni þeirra að þessu leyti var jafnframt litið til þess hversu fjölbreytt úrlausnarefni þeir hafa fengist við og hversu flókin þau hafa verið. Jafnframt hefur verið höfð hliðsjón af skrifum umsækjendanna um lögfræðileg efni, sem birst hafa í héraendum tímaritum, sbr. kafla 5.6.2.

Niðurstaða þessa mats dómnefndar er að *Helgi Birgisson* og *Jónas Þór Guðmundsson* hafi báðir sýnt það með framangreindum framlögum sínum að þeir séu vel færir um að koma að samningu úrskurða Endurupptökudóms um hvort mál, sem áður hafa verið dæmd, verði endurupptekin. Ekki séu efni til að gera upp á milli hæfni þeirra að því leyti.

7. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hvort annar umsækjendanna tveggja sé hinum hæfari til að gegna embætti varadómands við Endurupptökudóm eða hvort þeir séu jafn hæfir til þess.

Að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 970/2020. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og, eftir því sem kostur er, hlutlægu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla þeirra nýtist í störfum í Endurupptökudómi skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og þeim stjórnarsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við, séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma önnur atriði ekki síður til álita, þá einkum færni við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi.

Ef litið er til þeirra matsþátta, sem fjallað er um í köflum 5.2. – 5.9.1., þar sem reynsla af dómstörfum, reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum og reynsla af stjórnarsýslustörfum vega þyngst og hafa jafn mikið vægi, hver þáttur um sig, og matsþættirnir allir virtir í heild er það niðurstaða dómnefndar að ekki verði gert upp á milli umsækjendanna tveggja í þeim matshluta. Við matið er ekki aðeins litið til þess hve þau störf, sem umsækjendurnir hafa sinnt, eru fjölbreytt, heldur ekki síður hve verkefni, er þeir hafa fengist við í sama starfi, eru margbreytileg.

Vegna þess að dómnefnd telur, þegar á allt er litið, að enginn munur sé á hæfni umsækjenda með tilliti til starfsreynslu þeirra, menntunar og annarra þátta, sem fjallað er um í köflunum níu, skiptir máli að horft sé til mats á færni þeirra til að nýta þá lögfræðilekkingu, sem þeir búa yfir, við að leysa úr þeim málum, sem koma til kasta Endurupptökudóms, á skipulegan og rökstuddan hátt. Eins og áður greinir er það mat nefndarinnar í 6. kafla að ekki verði gert upp á milli hæfni þeirra beggja að því leyti.

Með skírskotun til alls þess, sem áður greinir og fram hefur komið, m.a. í viðtölum við umsækjendur, er það niðurstaða dómnefndar að þeir *Helgi Birgisson* og *Jónas Þór Guðmundsson* séu jafn hæfir til að gegna embætti varadómanda við Endurupptökudóm og ekki verði gert upp á milli þeirra að því er það varðar.

Helgi Birgisson öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi árið 1989 og fyrir Hæstarétti 1996. Á árunum 1989-1997 var hann fulltrúi á lögmannsstofu, en hefur upp frá því verið sjálfstætt starfandi lögmaður á þremur lögmannsstofum. Á þessum tíma hefur hann m.a. flutt mikinn fjölda dómsmála af flestum réttarsviðum á öllum dómstigum, auk þess sem hann hefur verið varadómari í Hæstarétti í einu máli. Af öðrum störfum má nefna að hann átti sæti í stjórn Lögmannafélags Íslands 2000-2002, hefur setið í málskotsnefnd Menntasjóðs námsmanna (áður málskotsnefnd LÍN) frá árinu 2010 og verið formaður úrskurðarnefndar náttúruhamfaratryggingar frá 2022. Þá hefur hann sinnt stundakennslu við lagadeildir Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

Jónas Þór Guðmundsson öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi árið 1997 og fyrir Hæstarétti 2009. Hann var fulltrúi á lögmannsstofu í nokkra mánuði árið 1995, var kennslustjóri við lagadeild Háskóla Íslands 1995-1997 og lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1998-1999. Upp frá því hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður og flutt m.a. dómsmál í héraði og fyrir Hæstarétti. Af öðrum störfum má nefna að hann átti sæti í kjararáði á árunum 2006-2018, þar af sem formaður ráðsins 2014-2018, var oddviti yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis 2007-2016 og sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 2010-2015, þar af sem formaður félagsins 2012-2015. Frá árinu 2014 hefur hann verið stjórnarformaður Landsvirkjunar og frá 2021 formaður matsnefndar samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði. Þá hefur hann sinnt stundakennslu við lagadeildir Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Helgi Birgisson og Jónas Þór Guðmundsson séu jafn hæfir til að gegna embætti varadómanda við Endurupptökudóm sem auglýst var laust til umsóknar 23. desember 2022.

Reykjavík, 15. febrúar 2023



Eiríkur Tómasson



Hólga Melkorka Óttarsdóttir



Kristín Benediktsdóttir



Reimar Pétursson



Þorgeir Örlygsson